



ÁRSSKÝRSLA 2024



HEILSUGÆSLA
HÖFUDBORGARSVÆÐISINS

EFNISYFIRLIT

Ávarp forstjóra	3
Framkvæmdastjórn	4
Skipulag	5
Heilsugæslustöðvar	6
Samskipti á heilsugæslustöðvum	8
Mínar síður	12
Sérhæfð þjónusta	14
Heilsuvernd grunnskólabarna	15
Þjónustukönnun ríkisstofnana	16
Geðheilbrigðisþjónusta	17
Geðheilsumiðstöð barna	18
Heilaörvunarmiðstöð	19
Svæðisbundin geðheilsuteymi	20
Heimahjúkrun	21
Heilsubrú	23
SKS – Krabbameinsskimanir	25
Upplýsingamiðstöð	27

Breytingar á húsnæði	30
Félagsráðgjafar til starfa	31
Fræðadagur	32
Vefur og kynningarmál	33
Mannauður	34
Ársverk	35
Starfsemi og starfsánægja	39
Félagslífið	41
Lykiltölur úr rekstrinum	42
Rekstrarreikningur	43
Eigið fé	44
Afkoma	45
Þróun tekna á árunum 2021-2024	46
Þróun kostnaðar á árunum 2021-2024	47
Efnahagsreikningur	48
Útgjöld heilsugæslustöðva	49
Útgjöld annarra starfsstöðva	50



ÁVARP FORSTJÓRA

Það er ánægjulegt að líta til baka yfir árið 2024, ár sem einkenndist af mikilli eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu og vinnu við að finna nýjar leiðir til að mæta þörf fyrir þjónustuna.

Þróunin á starfsemi Upplýsingamiðstöðvar HH hélt áfram á árinu, en starfsfólk miðstöðvarinnar svarar í 1700 símann og á samskipti við almenning í gegnum netspjallið á Heilsuveru, auk þess að sinna fjölmörgum öðrum verkefnum. Starfsemin hefur blómstrað og mikil eftirspurn var eftir þjónustunni, bæði frá skjólstaðingum og öðrum heilbrigðisstofnunum sem óskuðu eftir samstarfi við miðstöðina.

Nú þegar þjónustan er komin í fastari skorður hefur heilbrigðisráðherra falið Sjúkratryggingum Íslands að semja við HH um fjármögnun þessarar mikilvægu starfsemi. Sú vinna fór í gang seint á árinu 2024 og binda stjórnendur HH vonir við að samningaviðræður gangi hratt og vel svo hægt sé að tryggja aðgengi almennings að þessari framúrskarandi þjónustu til framtíðar.

HH er með starfsemi á yfir 30 starfsstöðvum víða um höfuðborgarsvæðið og því ekki skrítið að húsnæðismál hafi verið fyrirferðarmikil á árinu, bæði vegna endurbóta á húsnæði og leigu á nýju húsnæði fyrir starfseiningar.

Mikilvægi þess að vera í góðu húsnæði sem hentar starfseminni kom ítrekað í ljós á árinu, bæði þegar starfsemi eininga var flutt í nýuppgerð húsnæði og þegar

bruni kallaði á snör viðbrögð og miklar viðgerðir. Einingar sem eru í húsnæði sem ekki hentar nægilega vel, ýmist vegna stærðar, staðsetningar eða eðlis húsnæðisins, þurfa að komist í húsnæði sem hentar.

Framkvæmdasýsla ríkisins gerði á árinu 2024 markaðskönnun á húsnæði fyrir þrjár heilsugæslustöðvar; Heilsugæsluna Garðabæ, Heilsugæsluna Firði og Heilsugæsluna Miðbæ. Við erum í miklu samstarfi og samskiptum við Framkvæmdasýsluna og viljum gjarnan flýta vinnu við húsnæðismál eins og hægt er, til hagsbóta fyrir skjólstaðinga og starfsfólk.

Þrátt fyrir mikla eftirspurn eftir þjónustu stendur starfsfólk heilsugæslustöðva, geðheilsuteyma og annarra starfsstöðva HH sig frábærlega í að veita góða og faglega þjónustu. Á heilsugæslustöðvum er verið að breyta verklagi nú þegar Upplýsingamiðstöðin hefur tekið að sér að forflokka bráð erindi. Hjá geðteymum er áherslan lögð á að efla þjónustuna og skoða verklag og vinnuferla til að vinna á biðlistum og mæta stöðugri aukningu á eftirspurn.

Verkefni annarra eininga eru oft ólík en öll mikilvæg. Þar má til dæmis nefna Heimahjúkrun, sem er stærsta einstaka starfseining HH, sívaxandi Heilsubrú, Samhæfingarstöð krabbameinsskimana, Þróunar- miðstöð íslenskrar heilsugæslu, skrifstofu og stoðdeildir. Fagleg vinna, samstarf milli eininga og öflugar stoðdeildir eru lykillinn að öflugri heilsugæslu til framtíðar.



Á árinu 2024 lögðum við áherslu á nýsköpun, samvinnu innan starfseininga, betri teymisvinnu og rétta þjónustu á réttum stað og réttum tíma. Í allri starfsemi HH er það starfsfólkið sem er í lykilhlutverki. Við erum með öflugt starfsfólk sem sinnir krefjandi störfum af alúð og fagmennsku alla daga. Það er ómetanlegur fjársjóður sem við hjá HH erum lánsöm að búa að.

Sigríður Dóra Magnúsdóttir forstjóri



FRAMKVÆMDASTJÓRN

Tvennar breytingar voru gerðar á framkvæmdastjórn HH á árinu 2024. Nanna Sigríður Kristinsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri lækninga. Hún hafði gegnt starfinu tímabundið frá því Sigríður Dóra tók við starfi forstjóra á árinu 2023. Þá tók Íris Dögg Harðardóttir við stöðu framkvæmdastjóra geðheilbrigðisþjónustu 15. ágúst. Hún tók við af Guðlaugu Unni Þorsteinsdóttur, sem hvarf til annarra starfa innan stofnunarinnar.

Framkvæmdastjórn HH fundar að jafnaði vikulega og eru fundargerðir aðgengilegar öllum á vef stofnunarinnar.

Í lok árs 2024 var framkvæmdastjórn HH þannig skipuð:



Sigríður Dóra Magnúsdóttir
Forstjóri



Helgi Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri fjármála-
og rekstrarsviðs



Íris Dögg Harðardóttir
Framkvæmdastjóri
geðheilbrigðisþjónustu



Nanna Sigríður Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri lækninga



Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar



Svava Kristín Þorkelsdóttir
Framkvæmdastjóri
mannauðs og nýliðunar



SKIPULAG


Fimmtán heilsugæslustöðvar HH í öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðisinu eru kjarninn í starfsemi stofnunarinnar.

Geðheilbrigðisþjónusta hefur aukist verulega að umfangi á undanförunum árum. HH rekur þrjú staðbundin geðheilsuteymi á höfuðborgarsvæðinu og fimm geðheilsuteymi sem starfa á landsvísu.

- Geðheilsuteymi Austur
- Geðheilsuteymi Suður
- Geðheilsuteymi Vestur
- Geðheilsamiðstöð barna
- Geðheilsuteymi ADHD
- Geðheilsuteymi fangelsa
- Geðheilsuteymi taugaþroskaraskana
- Heilaörvunarmiðstöð

Sérhæfð þjónusta og stoðsvið styðja við kjarnastarfsemi eða sinna öðrum verkefnum.

- Færni og heilsumatsnefnd
- Heilbrigðissskoðun innflytjenda
- Heilsubrú
- Heilsugæsla Hólmsheiði
- Heimahjúkrun
- Héraðsvakt
- Samhæfingarmiðstöð krabbameinsskimana
- Skrifstofa heilsugæslunnar
- Upplýsingamiðstöð
- Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu




HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins starfrækir alls fimmtán heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Stöðvarnar eru í Reykjavík, Mosfellsbæ, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og á Seltjarnarnesi. Stöðvarnar þjóna rúmlega 188 þúsund skjólstæðingum auk annarra sem til þeirra leita, til dæmis ferðamanna.

Á stöðvunum er meðal annars boðið upp á eftirfarandi þjónustu:


- Heimilislækningar, þar sem sinnt er bráðum jafnt sem langvinnum heilsuvanda með áherslu á samfellda þjónustu.
- Heilsuvernd á tilteknum æviskeiðum; meðgönguvernd, ung- og smábarnavernd, heilsuvernd skólabarna og heilsuvernd eldra fólks.
- Opna móttöku, bókaða móttöku og heilsueflandi móttöku, þar sem skjólstæðingar fá fjölbreytta þjónustu.
- Geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og fullorðna, bæði einstaklings- og hópmeðferðir, greiningar og fleira.
- Aðra þjónustu, svo sem leghálsskimun, félagsráðgjöf, hreyfiseðla og aðra þjónustu sjúkráþjálfara.





HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR

Fjöldi skráðra skjólstæðinga á heilsugæslustöðvum

■ Í lok árs 2023
■ Í lok árs 2024



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM

Heildarsamskipti eftir stöðvum 2024

Tölur án námskeiða

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Heilsuvera
Heilsugæslan Árbæ	43.817	23.417	654	36.446
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	17.400	18.139	181	21.969
Heilsugæslan Efstaleiti	19.399	12.335	395	23.050
Heilsugæslan Fjörður	25.311	19.992	372	23.642
Heilsugæslan Garðabæ	33.099	19.097	711	30.277
Heilsugæslan Glæsibæ	18.223	14.066	441	17.602
Heilsugæslan Grafarvogi	29.373	19.984	436	21.544
Heilsugæslan Hamraborg	24.106	23.362	326	22.694
Heilsugæslan Hlíðum	31.358	19.896	675	27.532
Heilsugæslan Hvammi	22.345	19.044	324	21.983
Heilsugæslan Miðbæ	23.785	12.754	408	26.554
Heilsugæslan Mjódd	27.936	15.732	274	22.861
Heilsugæslan Mosfellsbæ	24.819	15.061	505	19.501
Heilsugæslan Seltjarnarnesi	32.978	16.643	633	41.515
Heilsugæslan Sólvangi	38.425	21.542	648	39.436



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM

Fjöldi samskipta á heilsugæslustöðvum eftir þjónustuflokkum 2024

	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Heilsuvera	HAM
Almenn læknishjálp	221.187	171.832	112	-	-
Hjúkrun á dagvakt	119.956	69.863	1.885	-	-
Heilsueflandi móttaka	6.570	3.869	22	-	-
Mæðravernd	20.323	7.864	-	-	-
Ungbarnavernd	24.993	7.719	4.586	-	-
Sálfræðipjónusta	9.406	4.328	-	-	-
Félagsráðgjöf	741	1.037	-	-	-
Skimun	6.047	40	-	-	-
Sjúkrapjálfun, næringar-meðferð, lyfjafræðingar	3.101	4.475	376	-	-
Heilsuvera	-	-	-	396.555	-
HAM-námskeið	-	-	-	-	496



SAMSKIPTI Á HEILSUGÆSLUSTÖÐVUM

Fjöldi samskipta eftir fagstéttum


	Viðtöl	Símtöl	Vitjanir	Í gegnum Heilsuveru			HAM
				Lyfja- endurnýjanir	Fyrirspurnir	Skilaboð	
Félagsráðgjafar	760	1.053	-	-	102	251	-
Hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sjúkraliðar	183.065	90.639	6.534	101	8.396	11.051	-
Læknar	239.029	175.984	530	198.099	59.840	55.608	-
Lyfjafræðingar	1.532	469	-	17	20	98	-
Ritarar	-	7.232	-	198.099	59.840	55.608	-
Sálfræðingar	9.928	4.346	-	-	480	3.179	495
Sjúkrapjálfarar	8.338	262	-	-	309	613	-
Aðrir	80	12	-	-	-	-	-



MÍNAR SÍÐUR

Mikil aukning hefur verið í rafrænum samskiptum í gegnum Mínar síður Heilsuveru frá því opnað var fyrir þann möguleika. Fjöldinn jókst hratt á meðan heimsfaraldri Covid-19 stóð og hefur haldist hár síðan. Fjöldi samskipta virðist nú hafa náð nokkru jafnvægi og var aðeins óveruleg fjölgun samskipta milli ára.

Verulegur hluti þessara samskipta eru endurnýjanir á lyfseðlum. Því fylgir umtalsvert hagræði bæði fyrir skjólstæðinga og starfsfólk að hægt sé að endurnýja lyfseðla með þessum hætti.





MÍNAR SÍÐUR

Stærstur hluti rafrænna samskipta skjólstæðinga við starfsfólk HH sem fara í gegnum Heilsuveru skiptist í tvo hluta.

- Fyrirspurnir frá almenningi til heilsugæslustöðva og skilaboð frá heilsugæslustöðvum til skjólstæðinga, til dæmis um niðurstöður úr blóðprufum, námskeið og fleira.
- Endurnýjanir á lyfseðlum sem áður fóru í mun meira mæli fram í gegnum síma.

Þróun á fjölda samskipta í gegnum Heilsuveru má sjá hér til hliðar.



SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA

Heildarsamskipti eftir sérþjónustu

	Viðtal	Símtal	Vitjun	Heilsuvera	Annað
Geðheilsuteymi	37.283	27.302	752	6.589	-
Heilbrigðisskoðun innflytjenda	7.656	2.692	544	84	-
Heilsubrú	3.679	1.897	-	1.227	-
Heimahjúkrun	520	23.134	144.317	-	-
Héraðsvakt	-	214	458	-	-
Hólmsheiði	2.112	303	-	-	-
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana	-	-	-	748	-
Upplýsingamiðstöð HH	21	175.829	-	9.102	10.562
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu	21	41	-	-	-

**Samhæfingarstöð krabbameinsskimana skráir símtöl með öðrum hætti en aðrar starfseiningar og eru samskipti í gegnum síma ekki í þessari töflu.*



HEILSUVERND GRUNNSKÓLABARNA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins sinnir heilsuvernd grunnskólabarna í 70 skólum. Markmiðið með þjónustunni er að stuðla að vellíðan nemenda og efla heilbrigði þeirra.

Hjúkrunarfræðingar sem sinntu þessu starfi í lok árs 2024 voru í 30,6 stöðugildum. Nemendurnir sem þessi hópur sinnti voru rúmlega 25 þúsund talsins, sem þýðir að hvert stöðugildi sinnti að meðaltali 818 nemendum. Fjármögnunarlíkan heilsugæslunnar reiknar með 650 nemendum á hvert stöðugildi.

Skólar innan HH												
	2018-2019		2019-2020		2020-2021		2021-2022		2022-2023		2023-2024	
	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.	Fjöldi	Per. nem.
Skipulögð fræðsla*	65.231	2,6	43.223	1,7	52.529	2,0	39.918	1,6	54.851	2,2	50.853	2,0
Önnur fræðsla**	66.828	2,7	49.612	2,0	80.033	3,1	85.536	3,3	84.680	3,4	73.684	2,9
Viðtal um heilsu og líðan	9.538	0,4	9.103	0,4	10.113	0,4	9.690	0,4	9.390	0,4	8.720	0,3
Bólusetningar	7.440	0,3	7.531	0,3	7.763	0,3	7.472	0,3	7.661	0,3	10.839	0,4
Skimanir	19.993	0,8	19.053	0,8	20.622	0,8	19.711	0,8	19.188	0,8	18.554	0,7
Einstaklings-þjónusta	33.296	1,3	24.601	1,0	24.154	0,9	21.554	0,8	21.613	0,8	16.777	0,7
Heildar-samskipti	202.326	8,1	153.123	6,0	195.214	7,6	183.881	7,2	197.383	7,2	179.427	7,2
Nemendafjöldi	25.061	-	25.355	-	25.686	-	25.605	-	24.785	-	25.019	-
*Fræðsla og foreldrar upplýstir **Önnur fræðsla og tölvupóstur												

ÞJÓNUSTUKÖNNUN RÍKISSTOFNANA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hóf þátttöku í þjónustukönnun ríkisstofnana í nóvember 2024. Könnunin fór þannig fram að fólk sem sótti þjónustu á heilsugæslustöðvar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fékk SMS með hlekk í stutta þjónustukönnun eftir komuna. Markmiðið var að kanna upplifun fólks af þjónustunni og skoða hvað megi bæta í framtíðinni.

Þjónustukönnunin var ný leið til að kanna upplifun af þjónustu ríkisstofnana. Spurt var um hvernig viðkomandi líkaði

þjónustan, hvernig viðmót starfsfólks var, um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem fólk fékk í heimsókninni, hversu hratt þjónustan hafi gengið fyrir sig og fleira. Spurningarnar voru staðlaðar og notaðar fyrir aðrar ríkisstofnanir sem vildu nýta sér þennan möguleika til meta upplifun af þjónustunni.

Fyrstu mælingar gáfu til kynna að staðan á heilsugæslustöðvum stofnunarinnar væri almennt góð. Þjónusta stöðvanna fékk einkunnina 4,2 af 5 mögulegum sem verður að teljast góð staða. Mikil ánægja


var með viðmót starfsfólks stöðvanna og áreiðanleika þeirra upplýsinga sem fólk fékk. Heldur minni ánægja var með hraða þjónustunnar, sem mögulega tengist bið eftir því að fá tíma.

Niðurstöður könnunarinnar munu nýtast til að rýna þjónustu hversrar starfsstöðvar og stofnunarinnar í heild. Könnunin verður í gangi í talsverðan tíma til að hægt sé að meta þróunina og hvernig gengur að bregðast við ef gera þarf breytingar á þjónustu.

Á HEILDINA LITIÐ,
HVERSU GÓÐ EÐA SLÆM
FINNST ÞÉR ÞJÓNUSTAN?


4,2/5

Heildaránægja




■ Góð ■ Hvorki né ■ Slæm

Viðmót




■ Gott ■ Hvorki né ■ Slæmt

Áreiðanleiki upplýsinga



■ Áreiðanlegar ■ Hvorki né ■ Óáreiðanlegar

Hraði





■ Hratt ■ Hvorki né ■ Hægt



GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Samskiptum starfsmanna í geðheilbrigðisþjónustu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fjölgaði á síðasta ári í samræmi við aukna þjónustu við skjólstæðinga.

Samskiptum í geðheilsuteymum fjölgaði áfram verulega á milli ára. Samskiptum sálfræðinga á heilsugæslustöðvum við skjólstæðinga fækkaði hins vegar aðeins milli ára. Skýringin er einkum sú að ekki hefur tekist að manna allar lausar stöður sálfræðinga. Heilsugæslustöðvar sem ekki eru með sálfræðinga að störfum hafa í auknum mæli vísað skjólstæðingum til sjálfstætt starfandi sálfræðinga sem starfa samkvæmt rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands.



GEÐHEILSUMIÐSTÖÐ BARNNA


Geðheilsumiðstöð barna (GMB) sinnir 2. stigs geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn að 18 ára aldri. Miðstöðin starfar á landsvísu og á í samstarfi við veitendur heilbrigðisþjónustu um allt land. Í miðstöðinni sinnir þverfaglegur hópur starfsfólks greiningu, ráðgjöf og meðferð vegna geð- og þroskavanda barna og unglunga.

Í lok árs 2024 störfuðu þar alls 58 starfsmenn í 48,15 stöðugildum. Stærsta starfsstéttin sem þar starfar eru sálfræðingar en auk þess starfa þar barna- og unglingageðlæknar, barnalæknar, læknar, félagsráðgjafar, iðjupjálfar, hjúkrunarfræðingar, talmeinafræðingur, fjölskyldufræðingar, verkefnastjóri, skrifstofufólk og móttökuritarar.

Tilvísunum til GMB fjölgaði aðeins á síðasta ári, en aukningin var minni en árin á undan. Tilvísanir voru alls 1.668 á árinu 2024, sem er aukning um 3,4 prósent milli ára.


Mikil áhersla var á gæði og öryggi í starfsemi GMB á árinu 2024. Á starfsdögum í maí var fjallað um stefnumótun og gæðavísa og var afrakstur þeirrar vinnu notaður til að móta starfsáætlun og framtíðarsýn miðstöðvarinnar. Þá var unnið að gerð nýliðahandbókar og nýtt atvikaskráningarkerfi innleitt.

Nýjar tilvísanir til GMB*



**Tilvísanir í fjölskylduteymi 0-5 ára eru ekki með í þessum tölum fram til lok árs 2023. Þann 1. ágúst 2024 var lokað fyrir tilvísanir til lækna um staðfestingu á ADHD og lyfjameðferð frá aðilum utan GMB.*

Staða tilvísana til GMB



HEILAÖRVUNARMIDSTÖÐ

Heilaörvunarmiðstöð HH veitir segulörvunarmeðferð (TMS) fyrir sjúklinga með þunglyndi sem ekki hafa svarað lyfjameðferð. Þjálfað heilbrigðisstarfsfólk veitir meðferð með þremur TMS-tækjum. Skjólstæðingar koma daglega á meðan meðferðarlotu stendur og er hver lota að jafnaði fjórar til sex vikur.

Á árinu 2024 bárust Heilaörvunarmiðstöðinni alls 284 tilvísanir. Alls voru 130 teknir í þjónustu og 115 útskrifuðust á árinu. Meðal bið eftir meðferð var um fjórir mánuðir. Eftir að meðferð hófst komu skjólstæðingar að jafnaði 28 sinnum.

Greint var frá rannsókn á árangri miðstöðvarinnar í grein í Læknablaðinu í september. Þar kom fram að tæpur þriðjungur sjúklinga með meðferðarþrátt þunglyndi sem prófuðu segulörvunarmeðferð hjá Heilaörvunarmiðstöðinni losnuðu við þunglyndiseinkenni sín með meðferð. Niðurstöðurnar eru í samræmi við mælingar á samskonar meðferðum erlendis.

Rannsóknin tók til 104 sjúklinga á árunum 2022 og 2023. Allir höfðu reynt lyfjameðferðir og í sumum tilvikum aðrar aðferðir til að takast á við þunglyndið án þess að fá bata. Niðurstöður hennar sýndu að tæplega 32 prósent náðu fullum bata. Mun hærra hlutfall hafði ávinning af meðferðinni en náði ekki fullum bata.

Talið er að á bilinu fimm til tíu prósent landsmanna glími við þunglyndi. Fram að þessu hafa um tveir þriðju náð bata með hjálp lyfja og samtalsmeðferða. Þriðjungur hefur því ekki náð árangri og þróað með sér það sem kallað er meðferðarþrátt þunglyndi.



Nicolas Pétur Blin, sérfræðingur hjá Heilaörvunarmiðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sýnir hvernig segulörvunarmeðferð með TMS-tæki fer fram.



SVÆÐISBUNDIN GEÐHEILSUTEYMI

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins rekur þrjú geðheilsuteymi sem sinna 2. stigs geðheilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu, skipt niður eftir svæðum. Teymin eru Geðheilsuteymi austur, Geðheilsuteymi suður og Geðheilsuteymi vestur. Hvert teymi hefur starfsfólk í að meðaltali um 15 stöðugildum.

Hjá teymunum fá skjólstæðingar 18 ára og eldri með meiri þjónustuþörf en hægt er að mæta á heilsugæslustöðvum sérhæfða og þverfaglega geðheilbrigðisþjónustu. Markmið teymanna er að stuðla að bata og auknum lífsgæðum notenda með því að veita fjölbreytt meðferðarúrræði sem byggja á gagnreyndum aðferðum og klínískum leiðbeiningum.

Teymin starfa eftir batahugmyndafræðinni þar sem þátttaka sjúklinga í eigin meðferðarferli er höfð að leiðarljósi. Hugmyndafræðin byggir á samvinnu við einstaklinginn þar sem markmið eru sett í sameiningu og stuðla að sjálfsábyrgð og valdeflingu.



Teymunum bárust samtals 866 tilvísanir í þjónustu á árinu 2024. Rúmur helmingur tilvísana barst frá öðrum einingum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Um tíu prósent tilvísana barst frá Landsspítalanum og annar eins fjöldi frá þjónustumiðstöðvum sveitarfélaganna en rúmur fjórðungur kom annarsstaðar frá.

Um það bil 70 prósent tilvísana voru samþykktar og

boðið upp á matsviðtal. Á árinu hófu alls 333 einstaklingar meðferð í teymunum þremur og samtals 321 einstaklingur útskrifaðist úr meðferð. Þið eftir þjónustu var að meðaltali um tveir mánuðir og meðferð stóð að jafnaði í um tíu mánuði.

Meðalaldur þjónustuþega var 40 ár. Alls voru um 71,5 prósent þeirra sem fengu þjónustu konur, um 28,2 prósent karlar og 0,3 prósent skilgreindu sig ekki sem konur eða karla.

Mælingar á starfsemi teymanna þriggja sýndu að góður árangur var af þeirri meðferð sem þau veittu. Mælingar við bæði upphaf og lok meðferðar sýndu að verulega dró úr kvíðaeinkennum og þunglyndiseinkennum. Hér til hliðar má sjá árangurinn eftir teyrum á mælingum á þunglyndiseinkennum og kvíðaeinkennum.



HEIMAHJÚKRUN HH


Heimahjúkrun HH sinnir skjólstæðingum í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Mosfellsbæ. Á hverjum tíma eru um 810 skjólstæðingar sem þiggja aðstoð. Starfsmenn heimahjúkrunar eru um 150 talsins í tæplega 100 stöðugildum.

Á árinu 2024 bárust 1.137 beiðnir um heimahjúkrun sem er 13 prósent aukning frá árinu á undan. Ekki er sjálfgefið að allir þeir sem sótt er um heimahjúkrun fyrir fái þjónustu. Eftir að endurhæfingateymi heimahjúkrunar tók til starfa í september árið 2018 fara um 35 prósent beiðna í gegnum endurhæfingateymið og er það reynsla síðustu ára að um 75 prósent útskrifist þaðan sjálfbjarga, þau 25 prósent sem eftir eru flytjast yfir í almenna heimahjúkrun eða í önnur úrræði.


Í um 13 prósentum tilvika enda beiðnir sem berast ekki með því að viðkomandi einstaklingur fái þjónustu. Ástæðurnar fyrir því geta verið margvíslegar. Í sumum tilvikum er viðkomandi vísað áfram til félagslegrar heimaþjónustu sveitarfélags, skjólstæðingur afþakkar þjónustu og í einhverjum tilvikum er niðurstaðan sú að ekki sé talin þörf á aðstoð heimahjúkrunar.

Heimahjúkrun er veitt alla daga ársins milli klukkan 8:00 og 23:30. Stærsti hluti starfseminnar fer fram á dagvinnutíma en þó eiga um 40 prósent vitjana sér stað utan dagvinnutíma; á kvöldin, um helgar og á helgidögum.

Fjöldi beiðna og fjöldi þeirra sem innrituðust í Heimahjúkrun HH



Afdrif beiðna um heimahjúkrun



HEIMAHJÚKRUN HH

Stærstur hluti starfsfólks Heimahjúkrunar HH eru hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar. Undanfarin ár hefur verið unnið að fjölgun fagstétta innan heimahjúkrunar með aukinni áherslu á þverfaglega teymisvinnu sem gerir starfsfólki kleift að veita enn betri þjónustu. Í heimahjúkrun starfa hjúkrunarfræðingar, geðhjúkrunarfræðingur, sjúkraliðar, félagsliðar, iðjupjálfar, öldrunarlæknir, næringarfræðingur, íþróttfræðingur, klíniskur lyfjafræðingur, almennir starfsmenn, mannauðsfulltrúar og móttökuritarar.

Náið samráð og samstarf er við Landspítala, Heilsusetur á Sólvangi og félagsþjónustur sveitarfélaganna á starfssvæði Heimahjúkrunar. Að auki greiðir Kópavogsbær fyrir stöðugildi félagsliða sem heimahjúkrun hefur umsjón með. Heimahjúkrun og félagsþjónusta í Kópavogi er því að hluta til samþætt sem hefur gefið mjög góða raun.


Á árinu 2024 voru samskipti heimahjúkrunar rúmlega 179 þúsund, eða um 490 að meðaltali á hverjum degi

ársins. Vitjanir voru stærstur hluti þeirra samskipta, rúmlega 144 þúsund eða um 394 á hverjum degi að meðaltali.

Velferðartækni hefur rutt sér til rúms innan heimahjúkrunar og fer nánast öll skráning vitjana fram í rauntíma á heimilum skjólstæðinga í gegnum Smásögu smáforrit í farsíma sem er hluti af sjúkraskrárkerfinu Sögu. Allt skipulag vitjana og uppsetning hjúkrunarferla fer fram í Sögu og birtist í Smásöguforritinu. Með því er hægt að tryggja að allir starfsmenn séu upplýstir um hjúkrunarþarfir skjólstæðings og hvaða meðferð skal veita og að upplýsingar uppfærast í rauntíma.

Sjálfvirkir lyfjaskammtarar hafa verið teknir í notkun, en þeir eru hugsaðir sem viðbót við þjónustuna til að tryggja að rétt lyf séu tekin á réttum tíma. Þar sem lyfjaskammtarar hafa reynst vel hefur verið unnt að draga úr vitjunum. Einnig er í gangi tilraunaverkefni um notkun snjallása á heimilum skjólstæðinga til að auðvelda starfsfólki aðgengi.

Samskipti Heimahjúkrunar HH



HEILSUBRÚ



Heilsubrú festi sig enn betur í sessi sem eining innan HH á árinu. Heilsubrú er þjónustueining sem sinnir heilsutengdri þjónustu með það að markmiði að koma til móts við skjólstæðinga með öðrum leiðum en tíðkast hafa til þessa innan HH. Þar sinnir starfsfólk verkefnum sem áður var sinnt á mörgum starfseiningum og nær með því samlegðaráhrifum í rekstri og þjónustu.

Í Heilsubrú er boðið upp á fjölbreytt námskeið fyrir almenning sem eru bæði opin og aðgengileg. Hugmyndafræðin gengur út á að fólk geti sjálft skráð sig í fræðslu sem það telur sig hafa gagn af. Námskeiðin eru oft fyrsta skrefið fyrir fólk að kynna sér heilsutengd málefni.

Næringarfræðingur hefur verið starfandi innan Heilsubrúar frá árinu 2023, en þeim var fjölgað á árinu 2024 og boðið upp á fjölbreyttari þjónustu fyrir bæði börn og fullorðna. Næringarfræðingar Heilsubrúar taka við beiðnum frá öllum stöðvum HH og sinna fjölbreyttum hópi, gjarnan með fjölpættan næringarvanda, í gegnum einstaklingsmeðferðir í lengri eða skemmri tíma.

Næringarfræðingar Heilsubrúar bjóða upp á hóp námskeið fyrir konur sem greinast með sykursýki á meðgöngu og eru einnig hluti af teymi langvinnra sjúkdóma innan Heilsubrúar sem vinnur að uppbyggingu námskeiða til að fræða almenning um áhrifapætti heilsu.

Næringarfræðingar Heilsubrúar hafa haldið áfram að þróa þjónustu og meðferð næringarfræðinga innan HH og verið í samstarfi við einingar HH og aðrar stofnanir til að bæta þjónustuna. Auk þess hafa þeir haldið fjölda fræðsluerinda innan og utan HH, unnið að fræðsluefni um næringu, tekið við meistaranemum í klíniskri næringarfræði við Háskóla Íslands í starfsnám ásamt því að taka þátt í kennslu og rannsóknum.



HEILSUBRÚ

Heilsubrú hóf samstarf við Háskólann í Reykjavík á árinu 2024 og fór að taka á móti sálfræðinemum í meistaranámi í starfsþjálfun. Starfsþjálfunin felst í því að nemarnir fylgjast með sálfræðingum halda meðferðarnámskeið í Hugrænni atferlismeðferð (HAM) og sjá svo sjálfir um námskeið fyrir skjólstæðinga undir handleiðslu klínískra sálfræðinga.

HAM-meðferðirnar eru hugsaðar sem lágþröskuldameðferð þar sem fólk skráir sig sjálft á vef HH og er engin krafa er gerð um greiningar eða tilvísanir. Áfram var boðið upp á einstaklingstíma hjá sálfræðingi eftir HAM námskeið ef skjólstæðingar óskuðu þess.

Sálfræðingar sem vinna í þjónustuteymi fyrir Grindvíkinga gerðu samning við Heilsubrú í vetur þess hljóðandi að Grindvíkingar, 18 ára og eldri, gætu komið í HAM-meðferð og eða fengið ráðgjafaviðtal sér að kostnaðarlausu.

Heilsubrú stóð fyrir fræðslufundi með því fagfólki innan HH sem sinnir fólki sem lifir með offitu. Þar var farið yfir nýtt verklag um offitumeðferð og næstu skref. Á fundinum kom meðal annars fram mikill áhugi á meiri þjónustu og að aukinn stuðning vanti inn á heilsugæsluna þegar kemur að þessum sjúkdómi.

Á vordögum var ákveðið að minnka áherslu á rafræn námskeið um ráðgjöf um getnaðarvarnir og taka þjónustuna upp á næsta skref sem var að koma af stað getnaðarvarnamóttöku í Heilsubrú að sænskri fyrirmynd. Markmið fræðslunnar er að skjólstæðingurinn eigi auðveldara með að taka upplýsta ákvörðun um val á getnaðarvörn sem í boði eru með tilliti til áhættupátta og heilsufars viðkomandi.

Heilsuvernd í framhaldsskólum

	Skólaár 2022-2023			Skólaár 2023-2024		
	Samskipti	KK	KVK	Samskipti	KK	KVK
Borgarholtsskóli	29	14	15	22	9	13
Fjölbraut Ármúla	137	48	89	247	67	180
Fjölbraut Breiðholti	27	2	25	21	6	15
Fjölbraut Garðabæ	33	11	22	66	34	32
Flensborgarskóli	23	13	10	24	5	19
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	15	2	13	9	3	6
Kvennaskólinn í Reykjavík	239	42	197	319	88	231
Menntaskólinn í Hamrahlíð	61	13	48	167	35	132
Menntaskólinn í Kópavogi	37	6	31	33	5	28
Menntaskólinn í Reykjavík	375	146	229	481	119	362
Menntaskólinn við Sund	43	8	35	47	7	40
Tækniskólinn	30	7	23	73	29	44
Verzlunarskólinn	0	0	0	40	7	33
Samtals	1.049	312	737	1.549	414	1.135

Eftir tveggja ára tilraunaverkefni var þjónusta hjúkrunarfræðinga í framhaldsskólum sett á föst fjárlög, sem var stórt skref til að bæta geðheilbrigði ungmenna á Íslandi. Verkefnið er skipulagt af Heilsubrú og sinna hjúkrunarfræðingarnir aðallega einstaklingsviðtölum við nemendur ásamt fræðslu fyrir skólana eftir þörfum. Þjónustan var vel nýtt sem sýnir þörfina fyrir þessa mikilvægu þjónustu.



SKS – KRABBAMEINSSKIMANIR

Skrepptu í skimun á vinnutíma

Konur eiga rétt á að fara í **skimun**
fyrir **krabbameini** á vinnutíma

Vinnuveitendur, takið þátt í Bleikum
október og hvetjið ykkar starfsfólk til
að **skreppa í skimun** þegar boðið berst

Samhæfingarstöð
krabbameinsskimana

Árið 2024 var viðburðarríkt hjá Samhæfingarstöð krabbameinsskimana (SKS). Auk fastra verkefna hefur Samhæfingarstöðin unnið ötullega að því markmiði að auka þátttöku kvenna í krabbameinsskimunum með samstarfi við fjölbreyttan hóp hagaðila.

Strax í upphafi árs tóku gildi breytingar á fyrirkomulagi skimana fyrir leghálskrabbameini hjá aldurshópnum 23 til 29 ára. Þá var tekin upp HPV frumskimun líkt og gert hafði verið hjá konum 30 ára og eldri árið 2021. Þessi breyting byggir á vaxandi fjölda kvenna í yngri aldurshópnum sem nú er bólusettur fyrir HPV, en nú eru fjórir árgangar kvenna sem komnar eru á skimunardur með bólusetningu fyrir HPV (23-26 ára).

Í byrjun árs var skipulagi tímabókana í skimun fyrir brjóstakrabbameini breytt. Tímabókanir voru færðar frá SKS til Brjóstamiðstöðvar Landspítala enda heppilegast að hafa þær á sama stað og skimunin fer fram.

SKS hóf þátttöku í stóru samstarfsverkefni 29 Evrópulanda á árinu. Verkefnið hefur hlotið styrk frá Evrópusambandinu og er til fjögurra ára. Það miðar að því að rannsaka og greina þær aðferðir sem best gagnast við framkvæmd krabbameinsskimana á breiðum grundvelli og eiga að skila sér í enn betri skimunarþrógrömmum og þátttöku í krabbameinsskimunum.



SKS lét vinna veggspjöld um bæði legháls- og brjóstaskimanir á íslensku, ensku og pólsku sem dreift var um allt land.



SKS – KRABBAMEINSSKIMANIR

Á tímabilinu mars til maí stóð yfir tilraunaverkefni þar sem boðið var upp á opna tíma í leghálssýnatökur á höfuðborgarsvæðinu. Þannig gátu konur sem höfðu fengið boð í sýnatöku mætt án þess að bóka tíma. Með þessu var verið að reyna að koma sérstaklega til móts við erlendar konur. Með því að fella þröskulda sem felast í tímabókunum og tungumálaerfiðleikum í tengslum við þær sáust skýrar vísbendingar um aukna þátttöku erlendra kvenna og kvenna sem upplifa tímabókun sem hindrun. Niðurstaða tilraunaverkefnisins var að gefa konum áfram kost á að mæta í leghálssýnatöku án þess að bóka sér tíma og var það fyrirkomulag tekið upp á höfuðborgarsvæðinu snemma hausts.

Á sama tíma og tilraunaverkefni með opna tíma stóð yfir var einnig gerð minni tilraun til þess að senda konum forbókaða tíma í leghálssýnatöku. Sú tilraun gaf góða raun en vegna tæknilegra annmarka hefur dregist að útfæra það í víðara samhengi.


Til þess að koma enn betur til móts við konur af erlendum uppruna voru öll rafræn bréf (boðsbréf, áminningarbréf og svarbréf) þýdd yfir á ensku og pólsku. Eru nú öll bréf frá SKS send út á þremur tungumálum.

SKS ásamt embætti landlæknis og Brjóstamiðstöð Landspítala hafa átt samtöl við fulltrúa erlendra kvenna um leiðir til þess að auka þátttöku þeirra í krabbameinsskimunum, sem er fjarri því að vera ásættanleg. Einn afrekstur þessa samtals var tilraunaverkefni um síðdegisopnun í leghálsskimanir sem HH framkvæmdi á tímabilinu 17. október til 21. nóvember. Fimm af heilsugæslustöðvum HH buðu vikulega upp á leghálssýnatökur milli klukkan 15 og 17. Konurnar gátu sjálfar valið að mæta með eða án bókunar. Verkefnið var kynnt vel, meðal annars með aðstoð stéttarfélag, Vinnumálastofnunar og fleiri. Árangurinn var afbragðsgóður, um 50 prósent fleiri konur með erlent ríkisfang mættu í sýnatöku á þessu tímabili samanborið við sama tímabil árið 2023.


Eitt stærsta verkefni SKS á árinu 2024 var áframhaldandi undirbúningur fyrir innleiðingu lýðgrundaðrar skimunar fyrir krabbameini í ristli og endaparmi. Gríðarmikil vinna fór í þann undirbúning í samvinnu við stóran hóp fólks. Nú hillir undir að langþráð takmark náist loks og að ristilsskimun hefjist á Íslandi. Stefnt var að því að senda fyrstu boðin út í lok febrúar 2025.

Síðdegisopnun í leghálsskimun 17. október til 21. nóvember

Þátttaka eftir árum



Þátttaka á dagvinnutíma og síðdegis



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Upplýsingamiðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins svarar erindum í síma og á netspjallinu. Ýmis erindi koma þar inn á borð og þjónustar miðstöðin allt landið. Meðal verkefna miðstöðvarinnar má nefna:

- Vegvísun í heilbrigðiskerfinu
- Ráðgjöf í síma 1700 og á netspjalli
- Forflokun bráðra erinda
- Rekstur þekkingarvefsins Heilsuveru
- Ferðamannaheilsuvernd
- Ráðgjöf, meðferð og eftirfylgni tóbaks og nikótín-notkunar
- Svörun á síma héraðsvaktarinnar
- Samstarf við BUGL

Á Upplýsingamiðstöðinni starfa hjúkrunarfræðingar, ljósmæður, sérfræðingar og fulltrúar við að leysa úr erindum fólks og leiðbeina. Á árinu tók til starfa yfirlæknir í hálfu starfi sem sinnir þróun starfseminnar, mótun verklags varðandi læknisfræðileg málefni og þróun á þekkingarvef Heilsuveru. Stór hluti starfsmanna er búsettur erlendis eða á landsbyggðinni og vinnur þessi hópur alfarið í fjarvinnu.

Í byrjun febrúar 2024 fór starfsfólk miðstöðvarinnar að svara í síma 1700 á næturnar og 1. mars fluttist svörun símtala í 1700-símanum alfarið til Upplýsingamiðstöðvarinnar. Starfsfólk svarar nú erindum almennings á landinu öllu allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Erindum sem berast í síma 1700 og á netspjalli Heilsuveru hefur fjölgað verulega, bæði vegna þess að svarað er allan sólarhringinn en ekki síður vegna forflokunar bráðra erinda. Alls svaraði starfsfólk um 235 þúsund símtölum og um 100 þúsund netspjölum á árinu, eða um 335 þúsund erindum samtals. Það er meira en helmingi fjölgun frá árinu á undan.

Gróflega má skipta erindum í tvo hluta. Annars vegar er það vegvísun í heilbrigðiskerfinu sem þjónustufulltrúar sinna, en um 47 prósent erinda falla í þann flokk. Hins vegar er um að ræða faglega ráðgjöf og vinnu við að koma erindi í farveg sem hjúkrunarfræðingar sinna, en í þann flokk féllu um 53 prósent erinda á síðasta ári.

Fjöldi símtala og netspjalla 2023 og 2024


2024

335.288

2023


152.000

Fjöldi símtala og netspjalla 2024



UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Úrlausn á erindum í síma



Upplýsingamiðstöðin hefur í auknum mæli tekið að sér forflokun bráðra erinda í síma 1700 og á netspjalli Heilsuveru. Þar eru bráð erindi vegna veikinda og slysa metin, greint hversu bráður heilsufarsvandinn er, hver sé viðeigandi farvegur fyrir hann og viðkomandi boðið að fá bókaðan tíma ef þörf krefur.

Í ársbyrjun 2024 hófst innleiðing á forflokun fyrir heilsugæslustöðvar HH. Þetta nýja fyrirkomulag var tekið upp á stöðvunum í áföngum og var að jafnaði ein ný stöð tekin í þjónustu í hverjum mánuði.

Heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni hafa einnig tekið upp samstarf um forflokun. Heilsugæslan á Akureyri hefur tekið þátt frá árinu 2023, en í fyrra bættist Heilsugæslan á Selfossi við og alls átta starfsstöðvar hjá Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Mikil ánægja er með forflokun á þessum stöðum og margar aðrar heilbrigðisstofnanir hafa óskað eftir að koma í samstarf um forflokun bráðra erinda við Upplýsingamiðstöðina.

Hraður vöxtur miðstöðvarinnar á árinu var krefjandi og mikil áskorun. Mikil áhersla var lögð á að þjálfa upp starfsfólk til þess að sinna þessari miklu eftirspurn eftir þjónustu og viðhalda um leið gæðum þjónustunnar. Þá var mikil vinna lögð í að efla samstarf og samvinnu milli stofnana.

Ráðgjöf starfsfólks
Upplýsingamiðstöðvar í gegnum síma og netspjall og forflokun bráðra erinda hefur leitt til þess að færri þurfa að leita í bráðatíma á heilsugæslu. Komum í bráðatíma á heilsugæslustöðvum fækkaði um ríflega 22 prósent með innleiðingu forflokunar. Þannig nýttist tími heilbrigðisstarfsfólks betur en ekki síður tími skjólstæðinga, þar sem þeir sem ekki þurftu að koma á heilsugæslustöð gátu sparað sér ferðina en fengið ráðgjöf frá hjúkrunarfræðingi í síma eða á netspjalli.

Með því að fækka komum í bráðatíma eykst svigrúm heilsugæslu til að sinna öðrum verkefnum, ekki síst eftirfylgni og meðferð langvinnra sjúkdóma, sem er meðal kjarnaverkefna heilsugæslu.




UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ

Þekkingarvefurinn Heilsuvera hefur verið byggður hratt upp og er þar nú að finna gagnlegar upplýsingar á skiljanlegu máli. Þar getur almenningur kynnt sér sjúkdóma og sjúkdómseinkenni, heilsu og heilbrigði og heilbrigðiskerfið almennt. Á Upplýsingamiðstöð HH er teymi sérfræðinga sem vinna efni á þekkingarvefinn í samvinnu við embætti landlæknis og Landspítalann.

Alls voru skráðar um 4,6 milljónir heimsóknna á síðuna á árinu 2024, sem er um þriðjungs aukning milli ára. Heimsóknirnar eru þó færri en þær voru á árunum 2021 og 2022, en það skýrist af því að þá var heimsfaraldur Covid-19 yfirstandandi.

Vinsælasta lesefnið á árinu 2024 var um kíghósta, hálsbólgu, hand-, fót- og munnsjúkdóm, lungnabólgu, háan blóðþrýsting, hita hjá börnum, sveppasýkingu á kynfærum, meðgöngu og fæðingu, niðurgang hjá fullorðnum, hægðatregðu hjá fullorðnum og um næringu 6 til 12 mánaða barna.

Upplýsingamiðstöðin hefur frá miðju ári 2022 boðið upp á bólusetningarráðgjöf fyrir ferðalög á netspjalli á heilsuvera.is. Beiðnum um ráðgjöf fjölgaði mikið á árinu 2024 og var heildarfjöldi áætlana alls 9.034. Það er nær tvöföldun milli ára, en áætlarnir voru alls 4.920 árið 2023. Starfsfólk miðstöðvarinnar hefur aflað sér mikillar sérþekkingar tengt bólusetningum fyrir ferðalög og hefur heilbrigðisstarfsfólk um allt land nýtt sér þá þekkingu og leitað til miðstöðvarinnar með fyrirspurnir varðandi þau málefni.



BREYTINGAR Á HÚSNÆÐI

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins leigir húsnæði fyrir starfsemi stofnunarinnar víða á höfuðborgarsvæðinu. Auk húsnæðis 15 heilsugæslustöðva leigir stofnunin rými fyrir skrifstofu og stoðþjónustu, átta geðheilsuteymi, Upplýsingamiðstöð, Heilsubrú og ýmsa aðra starfsemi. Alls er húsnæði sem stofnunin leigir rúmlega 26 þúsund fermetrar.

Loka þurfti Heilsugæslunni Garðabæ tímabundið í mars vegna eldsvoða í aðliggjandi húsnæði á Garðatorgi. Talsvert tjón varð á húsnæðinu vegna reyks og þurfti að

leggja í viðamiklar viðgerðir. Starfsemin flutti að mestu í húsnæði í Þönglabakka 1 í Mjódd, en nágrannastöðvar í Hafnarfirði og Kópavogi aðstoðuðu einnig með því að taka á móti skjólstæðingum og hýsa tímabundið starfsfólk frá stöðinni í Garðabæ. Eftir viðgerðir á húsnæðinu og endurnýjun á tækjabúnaði flutti starfsemin aftur í húsnæði stöðvarinnar í Garðabæ um miðjan maí.

Í maí lauk einnig viðgerðum á húsnæði Heilsugæslunnar Grafarvogi og hægt var að opna stöðina á nýjan leik. Starfsemin flutti tímabundið úr Spönginni í Árbæ árið

2023 á meðan unnið var að endurbótum. Stöðin var endurskipulögð frá grunni á meðan viðgerðum stóð og nútímavædd.

Á árinu var unnið að minniháttar endurbótum á öðrum starfsstöðvum. Þá lauk vinnu við þarfagreiningu fyrir nýtt húsnæði fyrir heilsugæslustöðvar í Miðbæ, Hafnarfirði og Garðabæ og leit hófst að hentugu húsnæði fyrir stöðvarnar.



Flytja þurfti Heilsugæsluna Garðabæ tímabundið eftir bruna í aðliggjandi húsnæði.



Heilsugæslan Grafarvogi flutti aftur í Spöngina eftir gagngerar endurbætur á húsnæðinu.



Unnið var að því að samræma merkingar á húsnæði HH á árinu. Heilsugæslan í Hlíðum var fyrst til að fá samræmdar merkingar.



FÉLAGSRÁÐGJAFAR TIL STARFA

Félagsráðgjöfum hefur fjölgað hratt hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins undanfarið og hafa nú alls níu heilsugæslustöðvar ráðið félagsráðgjafa til starfa. Aukin áhersla hefur verið á þverfaglega teymisvinnu á heilsugæslustöðvum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og er ráðning félagsráðgjafa liður í þeirri framþróun.

Starf félagsráðgjafa á heilsugæslustöðvunum felst meðal annars í því að aðstoða einstaklinga, þör eða fjölskyldur sem glíma við félagsleg eða andleg vandamál sem hafa áhrif á heilsu þeirra. Félagsráðgjafar koma að málum eftir beiðni frá öðrum fagstéttum innan stöðvanna.

Félagsráðgjafar eru hluti af þverfaglegu teymi innan sinnar heilsugæslustöðvar og geta veitt faglega ráðgjöf varðandi félagsleg réttindi í tengslum við heilsubrest. Þeir geta einnig veitt stuðning í erfiðum aðstæðum. Oft geta þeir leiðbeint einstaklingum og fagfólki um rétta þjónustu á réttum stað á réttum tíma. Sálfélaglegt hlutverk félagsráðgjafa innan heilsugæslunnar felst í að styðja einstaklinga, þör eða fjölskyldur í erfiðum aðstæðum með stuðningsviðtölum og fjölskylduráðgjöf.

Félagsráðgjafar á heilsugæslustöðvum vinna náið með læknum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum og öðru fagfólki með það að markmiði að tryggja heildræna umönnun og stuðning fyrir skjólstæðinga stöðvanna.



Félagsráðgjafar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.




FRÆÐADAGUR

Fræðadagur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 8. nóvember. Metþátttaka var á deginum þar sem um 500 gestir, bæði starfsfólk HH og starfsfólk annarra heilsugæslustöðva á landinu, komu saman. Þetta var í fjórtánda skiptið sem HH stóð fyrir fræðadegi. Þema fræðadagsins að þessu sinni var teymisvinna og var boðið upp á fyrirlestra og kynningar tengt þemanu og öðru tengt þjónustu heilsugæslu í þremur sölum samhliða.

Eins og síðustu tvö ár á undan var gerð könnun meðal þátttakenda eftir fræðadaginn þar sem kannað var hvernig til tókst. Niðurstöðurnar sýndu að ánægja með fyrirlestra hafði aukist milli ára. Þá var enn mikil ánægja með aðstöðuna. Niðurstöður könnunarinnar verða nýttar við undirbúning næsta fræðadags, sem halda á í nóvember 2025.

Hvernig fundust þér þeir fyrirlestrar sem þú fylgdist með?



VEFUR OG KYNNINGARMÁL


Áfram var unnið að því á árinu 2024 að kynna starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fyrir landsmönnum með ýmsum hætti. Stjórnendur stofnunarinnar fóru í fjölda viðtala auk þess sem fréttum af starfseminni var miðlað til fjölmiðla, á vef stofnunarinnar og á samfélagsmiðlum.

HH nýtir talsvert samfélagsmiðla til að upplýsa um þjónustuna og eiga samtal við notendur. Heilsugæslan notar Facebook og Instagram en auk þess heldur Upplýsingamiðstöð HH úti Instagram og TikTok í nafni Heilsuveru til að deila upplýsingum af þekkingarvefnum.

Á árinu 2024 fengu þær starfsstöðvar sem vildu að njóta sín með því að taka stjórn á Instagram-reikningi HH í einn dag. Starfsfólk á fjölmörgum starfsstöðvum nýtti sér tækifærið til að sýna almenningi samstarfsfólkið, aðstæður og ræða verkefni og vöktu færslurnar alltaf mikla athygli.

MIKIL NOTKUN Á VEF HEILSUGÆSLUNNAR

Notkun á vef HH hefur að mestu náð jafnvægi á síðustu árum, en hún jókst umtalsvert á meðan heimsfaraldur Covid-19 gekk yfir. Heimsóknir á vefinn voru um 706 þúsund talsins á árinu 2024 og síðuskoðanir um 1,5 milljónir. Notkunin hafði aukist lítillega frá árinu 2023.



Sigríður Dóra Magnúsdóttir, forstjóri HH, veitti fjölmiðlum fjölmörg viðtöl á árinu um málefni sem tengdust stofnuninni eða heilbrigðismálum og málefnum heilsugæslunnar almennt. Á myndinni var hún í sjónvarpsviðtali á Fræðadegi HH í nóvember.



MANNAUÐUR

Eitt mikilvægasta markmið stjórnenda HH er að hafa á að skipa öflugum hópi starfsfólks sem getur veitt skjólstæðingum framúrskarandi þjónustu. Á mannauðssviði stofnunarinnar starfa öflugir mannauðsráðgjafar sem styðja stjórnendur í þessu hlutverki.

Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki tækifæri til sí- og endurmenntunar. Fræðslustefnu stofnunar er ætlað að skapa umgjörð fyrir markvissa og stefnumiðaða starfsþróun sem skilar auknum gæðum í þjónustu.

Fræðslustarf HH þróast með nýjungum í heilbrigðisþjónustu, þar sem reglulega er endurmetin þörf fyrir nýja tækni, þekkingu og nálganir í þjálfun starfsfólks. Á árinu 2024 var áhersla lögð á markvissa fræðslu með formlegum og óformlegum hætti. Fræðslan fór fram bæði með staðfundum og á fjarfundaformi auk þess sem boðið var upp á rafræna fræðslu.


Fræðsla fyrir stjórnendur var haldin mánaðarlega og á árinu var jafnframt haldin stefnumótandi vinnustofa þar sem stjórnendur frá öllum starfsstöðvum HH komu saman. Þá sátu stjórnendur sex vikna stjórnendabjálfun sem hófst í október 2024. Jafningjahandleiðsla stjórnenda hófst einnig árið 2024 og mun halda áfram á árinu 2025.

Á árinu sóttu skrifstofustjórar, ritarar, fulltrúar og heilbrigðisgagnafræðingar einnig vel heppnað fræðslunámskeið. Heilsugæslan leggur mikla áherslu á að taka vel á móti nýju starfsfólki og bjóða það velkomið með öflugri og reglulegri nýliðafræðslu.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hlaut jafnlaunavottun árið 2020. Jafnréttis- og mannréttindastefna HH, sem inniheldur meðal annars jafnréttisáætlun, var endurskoðuð og uppfærð á árinu og samþykkt af Jafnréttisstofu í desember 2024.

STUÐNINGS- OG RÁÐGJAFARTEYMI

Stuðnings- og ráðgjafarteymi HH starfar á vegum mannauðssviðs. Markmið teymisins er að styrkja starfsmenn sem glíma við álag, áföll eða annað sem hefur veruleg áhrif á líðan þeirra í starfi og/eða starfsumhverfi. Árið 2024 bárust teyminu 47 beiðnir tengt samskiptavanda, vanlíðan og fleiru.



985

STARFSMENN ÞANN
31. DESEMBER 2024

247

RÁÐNINGAR
ÁRIÐ 2024

16,7%

STARFSMANNA-
VELTA ÁRIÐ 2024


9,9%

VEIKINDAHLUTFALL
ÁRIÐ 2024




ÁRSVERK EFTIR KYNI OG ALDRI

Kynjaskipting 2024



Aldursskipting starfsfólks eftir kyni 2024



ÁRSVERK EFTIR STARFSSTÖÐVUM

Heilsugæslustöð	2023	2024
Heilsugæslan Árbæ	34,7	34,7
Heilsugæslan Efra-Breiðholti	21,1	21,7
Heilsugæslan Efstaleiti	24,8	26,1
Heilsugæslan Fjörður	27,1	25,7
Heilsugæslan Garðabæ	32,0	32,9
Heilsugæslan Glæsibæ	21,0	21,8
Heilsugæslan Grafarvogi	19,8	21,8
Heilsugæslan Hamraborg	24,3	25,1
Heilsugæslan Hlíðum	24,5	26,0
Heilsugæslan Hvammi	20,8	22,5
Heilsugæslan Miðbæ	22,5	24,7
Heilsugæslan Mjódd	22,1	21,6
Heilsugæslan Mosfellsumdæmi	20,3	22,1
Heilsugæslan Seltjarnarnesi og Vesturbæ	29,7	28,7
Heilsugæslan Sólvangi	36,0	36,3
Samtals	380,7	390,1



ÁRSVERK EFTIR STARFSSTÖÐVUM

Sérþjónusta	2023	2024
Geðheilsuteymi austur	13,8	14,7
Geðheilsuteymi suður	13,8	14,1
Geðheilsuteymi vestur	15,5	17,8
Geðheilsumiðstöð barna	40,3	44,8
Geðheilsuteymi ADHD fullorðinna	7,1	8,5
Geðheilsuteymi fangelsa	3,5	4,8
Geðheilsuteymi taugáproskaraskana	7,0	8,0
Heilaörvunarmiðstöð	2,9	4,0
Covid-verkefni	0,5	0,0
Heilbrigðisskoðun innflytjenda	8,0	9,6
Heimahjúkrun	85,8	96,9
Hólmsheiði hjúkrun	1,7	2,3
Heilsubrú	6,3	11,9
Samhæfingarstöð krabbameinsskimana	8,2	7,8
Skrifstofa og önnur verkefni	63,4	69,1
Upplýsingamiðstöð	19,1	37,9
Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu	10,8	11,4
Samtals	307,9	364,6




ÁRSVERK EFTIR STÉTTARFÉLÖGUM

Stéttarfélag	2023	2024
Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga	199,6	217,3
Félag Íslenskra náttúrufræðinga	0	1,9
Félag sjúkraþjálfara	4,0	3,8
Félagsráðgjafafélag Íslands	10,6	15,2
Iðjupjálfafélag Íslands	6,8	9,0
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	13,8	17,3
Læknafélag Íslands	148,8	151,4
Ljósmeðrafélag Íslands	22,9	25,1
Lyfjafræðingafélag Íslands	1,4	1,6
Sálfræðingafélag Íslands	60,9	63,9
Sameyki	139,3	150,0
Sjúkraliðafélag Íslands	46,4	55,0
Starfsmannafélög sveitarfélaga	1,8	1,8
Þroskaþjálfafélag Íslands	5,1	4,1
Viska	25,7	34,3
Utan félaga	2,0	2,9
Samtals	688,8	254,7




STARFSEMI OG STARFSÁNÆGJA

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins tók þátt í hinni árlegu starfsumhverfiskönnun Stofnun ársins. Áfram var áberandi góður starfsandi hjá HH auk þess sem ánægja og stolt starfsfólks fá einnig háa einkunn. Stofnunin lækkaði um tvö sæti á milli ára í sínum stærðarflokki, úr 20. sæti í 22. sæti þrátt fyrir að heildareinkunn hafi hækkað örlítið milli ára.



STARFSEMI OG STARFSÁNÆGJA




FÉLAGSLÍFIÐ

Starfsmannafélag Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins stóð fyrir glæsilegri árshátíð í veislusal í Gullhömrum þann 6. mars 2024. Starfsmenn og makar fjölmenntu á árshátíðina og skemmtu sér fram eftir kvöldi. Helga Braga uppistandari sá um veislustjórnina og brá á leik með viðstöddum. Leynigesturinn Friðrik Dór tók nokkur lög og Páll Óskar Hjálmtýsson sá um að halda uppi stuðinu.

Starfsmannafélagið stóð einnig fyrir fjölskyldudegi og jólaballi fyrir börn og barnabörn starfsfólks, auk þess að bjóða starfsfólki í jólabingó á aðventunni.



LYKILTÖLUR ÚR REKSTRINUM



REKSTRARREIKNINGUR

Fjárhæðir í m.kr.	12M			
	2024	2023	Breyting	%
Tekjur				
Seld þjónusta	9.323	8.921	402	4,5%
Fjárlög	6.604	5.461	1.143	20,9%
Framlög og ýmsar tekjur	70	458	(388)	-84,7%
Aðrar tekjur	1	5	(4)	-82,6%
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	67	57	10	17,3%
Tekjur samtals	16.065	14.903	1.162	7,8%
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	12.067	10.335	1.732	16,8%
Annar rekstrarkostnaður	4.607	4.030	577	14,3%
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	0	1	(1)	-94,9%
Afskriftir og niðurfærslur	67	57	10	17,3%
Gjöld samtals	16.742	14.424	2.318	16,1%
Afkoma ársins	(677)	479	(1.156)	



EIGIÐ FÉ



1.197

Eigið fé í byrjun árs

Eigið fé var jákvætt í upphafi árs. Heimilað var að nýta hluta í rekstur Heilaörvunarmiðstöðvar og Upplýsingamiðstöðvar.




-561

Skilað í ríkissjóð

-677

Afkoma ársins

Eigið fé fullnýtt á árinu.




-40

Eigið fé í lok árs


Eigið fé var neikvætt í árslok. Rekstrarhallinn færðist yfir á næsta ár.




AFKOMA



ÞRÓUN TEKNA Á ÁRUNUM 2021-2024



ÞRÓUN KOSTNAÐAR Á ÁRUNUM 2021-2024




EFNAHAGSREIKNINGUR

Fjárhæðir í m.kr.	12M		Breyting
	2024	2023	
Eignir			
Handbært fé	81	238	(157)
Viðskiptakröfur	39	54	(15)
Tengdir aðilar	1.773	2.505	(732)
Aðrar kröfur	27	23	3
Birgðir	32	33	(1)
Varanlegir rekstrarfjármunir	319	305	14
Eignir samtals	2.270	3.158	(887)
Skuldir			
Tengdir aðilar	459	315	144
Viðskiptaskuldir	297	175	122
Ýmsar skammtímaskuldir	1.247	1.170	76
Frestun tekjufærslu	307	300	8
Skuldir samtals	2.310	1.960	350
Eigið fé			
Hrein eign	(40)	1.197	(1.237)
Eigið fé og skuldir samtals	2.270	3.158	(887)



ÚTGJÖLD HEILSUGÆSLUSTÖÐVA



ÚTGJÖLD ANNARRA STARFSSTÖÐVA

